


SAMANBURÐUR Á ORKUKOSTNAÐI
HEIMILA ÁRIÐ 2025



Samanburður á orkukostnaði heimila

Líkt og undanfarin ár hefur Byggðastofnun fengið Umhverfis- og orkustofnun til að reikna út árlegan kostnað við raforkunotkun og húshitun á sömu fasteigninni á flestum þéttbýlisstöðum landsins og í dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki, en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Gert er ráð fyrir að „loft í vatn“ varmadæla skili 50% sparnaði á raforkunotkun til húshitunar en orkusparnaðurinn er þó háður ýmsum þáttum (sjá í kaflanum Fyrirvari og aðrar upplýsingar). Árlegir útreikningar eru nú til frá árinu 2014 og eru uppfærðir eftir því sem ástæða þykir til. Við útreikninga er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekin saman annars vegar og hitunarkostnaður hins vegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september.

Alls eru 92 byggðakjarnar í greiningunni og ná tölur fyrir þá aftur til ársins 2014. Auk þess er orkukostnaður fyrir dreifbýli án hitaveitu birtur í skýrslunni. Byggðakjarnarnir eru: Akranes, Akureyri, Árskógssandur, Bakkafjörður, Bifröst, Bildudalur, Blönduós, Bolungarvík, Borg í Grímsnesi, Borgarfjörður eystri, Borgarnes, Brautarholt á Skeiðum, Breiðdalsvík, Búðardalur, Dalvík, Djúpivogur, Drangsnæs, Egilsstaðir, Eskifjörður, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Fellabær, Flateyri, Flúðir, Garðabær, Garður, Grenivík, Grindavík, Grímsey, Grundarfjörður, Grundarhverfi á Kjalarnesi, Hafnarfjörður, Hafnir, Hauganes, Hella, Hellissandur, Hnífsdalur, Hofsós, Hólar í Hjaltadal, Hólmavík, Hrafnagil, Hrísey, Húsavík, Hvammstangi, Hvanneyri, Hveragerði, Hvolsvöllur, Höfn, Ísafjörður, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Kópavogur, Laugar í Reykjadal, Laugarás, Laugarvatn, Melahverfi í Hvalfjarðarsveit, Mosfellsbær, Nesjahverfi í Hornafirði, Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Reyðarfjörður, Reykholt í Biskupstungum, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanesbær, Reykjavík, Rif, Sandgerði, Sauðárkrúkur, Selfoss, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagaströnd, Stokkseyri, Stykkishólmur, Stöðvarfjörður, Suðureyri, Súðavík, Svalbarðseyri, Tálknafjörður, Varmahlíð, Vestmannaeyjar, Vík í Mýrdal, Vogar, Vopnafjörður, Þingeyri, Þorlákshöfn og Þórshöfn.

Á höfuðborgarsvæðinu eru í meginatriðum fjögur svæði m.t.t. orkukostnaðar. Sami kostnaður er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar þar sem Veitur ohf. eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagn sem og til reksturs hitaveitu. Það sem er frábrugðið í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar (þ.m.t. Álfanesi) er að HS Veitur eru með sérleyfið fyrir flutning og dreifingu á rafmagn. Þá eru Seltjarnarnes og Mosfellsbær á dreifisvæði Veitna en þar eru staðbundnar hitaveitur, hvor með sitt sérleyfið. Á Selfossi eru Selfossveitur með hitaveitu en HS Veitur hafa sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagn í stærstum hluta bæjarins og RARIK í nýjasta hluta hans sem hefur verið að byggjast upp. Því eru tvær kostnaðartölur í gögnunum fyrir raforku á Selfossi.

Þar sem þróun orkukostnaðar er sýnd á línuritum eru verð fyrri ára núvirt í samræmi við vísitölu neysliverðs í september ár hvert.

Samhliða þessari skýrslu kemur út mælaborð þar sem hægt er að skoða orkukostnað í byggðakjörnum á Íslandskorti, skoða raforku- og húshitunarkostnað sér og bæta við útreikningi fyrir varmadælu fyrir staði með beina rafhitun. [Mælaborðið er aðgengilegt á heimasíðu Byggðastofnunar](#). Excel skrá með orkukostnaði árin 2014 til 2025 er jafnframt aðgengileg á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Hafa ber í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldskrá hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda. Útreikningarnir miðast við upplýsingar um hitastig sem hitaveiturnar skila inn til Umhverfis- og orkustofnunar, gjaldskrár dreifiveitna, orkusölufyrirtækja og hitaveitna. Öll verð eru með sköttum og öðrum gjöldum.

Í útreikningum er áætlað að 50% sparnaður á húshitunarkostnaði náist með notkun „loft í vatn“ varmadælu. Reynslan með slíkum dælum hefur sýnt að notendur ná um það bil 50% sparnaði, sumir meira og aðrir minna og er það háð öðrum þáttum svo sem einangrun (þ.e. veggir, þak, gluggar og hurðir) og ástandi ofna- og lagnakerfis húsnæðisins. Auk þess getur notkunarhegðun breyst, t.d. að notandi hafi hlýrra innandyra, eftir að varmadæla er tekin í notkun. Sparnaður er jafnframt háður því að rétt stærð varmadælu sé valin.

Hér má sjá töflur um orkukostnað árin 2013 – 2025: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar>

Hér má sjá sambærilega skýrslu Byggðastofnunar um orkukostnað heimila árið 2024: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni>

Hér er tengill á vefsíðuna um eingreiðslur hjá Umhverfis- og orkustofnun: <https://uos.is/orka/orkuskipti/hushitun/eingreidsla>


Hér er tengill á lög nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sjá kafla III um eingreiðslur: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>

Hér er tengill á heimasíðu Orkuseturs með ýmsum fróðleik um raforku og húshitun: <https://orkusetur.is/>

Raforka

Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.


Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst í þéttbýli hjá HS Veitum, um 115 þ.kr. (mynd 1). Hæsta gjald í skilgreindu þéttbýli er um 138 þ.kr. hjá RARIK en raforkuverð eru hærrí í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 154-173 þ.kr.




Mynd 1. Raforka, lægsta mögulega verð.

Lægsta mögulega raforkuverð fyrir viðmiðunareign var um þriðjungi hærra í dreifbýli en í þéttbýli fram til ársins 2021, þegar bilið þar á milli minnkaði mikið (mynd 2). Eftir 2021 hefur raforkuverð fyrir viðmiðunareign verið u.þ.b. 20% hærra í dreifbýli en í þéttbýli, en munurinn hefur þó aukist nokkuð aftur undanfarin tvö ár - sérstaklega í krónutölu. Frá árinu 2023 hefur raforkuverð fyrir viðmiðunareignina hækkað um 5-32%, mest í Grímsey (olía) 32% og í dreifbýli hjá RARIK 31% (mynd 3).

Í dreifbýli er raforkudreifing greidd niður með svokölluðu dreifbýlisframlagi sem hefur áhrif á raforkuverð ásamt breytingum á gjaldskrá. Dreifbýlisframlagið var aukið mikið árið 2021 og auk þess var því breytt þannig að það næði til allra þátta í verðskrá, þ.e. fastagjalds, orkugjalds og afgjalds, en áður var aðeins orkugjaldið jafnað. Af sömu ástæðum varð lækkun á raforkuverði í Grímsey það ár, þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð. Dreifbýlisframlag var aftur hækkað nokkuð á milli árunna 2022 og 2023, en hefur verið óbreytt síðan.



Mynd 2. Raforka, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).



Mynd 3. Raforka, breyting lægsta verðs m.v. árið 2023.

Húshitun


Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn á milli svæða mun meiri en á raforkuverði. Lægsti mögulegi kostnaður þar sem húshitun er dýrust er ríflega þrefalt hærrí en þar sem hún er ódýrust. Húshitunarkostnaður hefur oftast verið hæstur á stöðum þar sem þarf að notast við beina rafhitun. Lægsta verð fyrir húshitun með rafmagni lækkaði þó talsvert árið 2021, m.a. vegna niðurgreiðslna á dreifi- og flutningskostnaði og aukinnar samkeppni á raforkusölumarkaði. Lækkunin gerði það að verkum að lægsti mögulegi kostnaður fyrir beina rafhitun gat verið lægri en fyrir dýrar hitaveitur. Árin 2021 til 2023 var hæsti húshitunarkostnaður á stöðum með kyntar hitaveitur (fjarvarmaveitur). Rekstur þeirra er erfiðari þegar skerðanleg orka er ekki í boði. Árið 2024 voru niðurgreiðslur til kyntra veitna auknar til að gera húshitunarkostnað sambærilegan við beina rafhitun og nú er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar með kyntri veitu almennt lægri en með beinni rafhitun.

Húshitunarkostnaður þar sem kynt er með rafmagni getur lækkað umtalsvert með notkun varmadæla. Þeir sem kynda íbúðarhúsnæði sitt með rafmagni geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Umhverfis- og orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Þau svæði sem í þessari greiningu eru að öllu eða einhverju leyti með rafhitun eru eftirfarandi:

Bakkafjörður, Bíldudalur, Bolungarvík (einnig með kynta hitaveitu), Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Djúpvogur, Fáskrúðsfjörður, Flateyri (einnig með kynta hitaveitu), Grundarfjörður, Hellissandur, Hnífsdalur, Hólmavík, Ísafjörður (einnig með kynta hitaveitu), Kirkjubæjarklaustur, Neskaupstaður, Ólafsvík, Patreksfjörður (einnig með kynta hitaveitu), Raufarhöfn, Reyðarfjörður, Rif, Seyðisfjörður (einnig með kynta hitaveitu), Stöðvarfjörður, Suðureyri (einnig með kynta hitaveitu), Súðavík, Tálknafjörður, Vestmannaeyjar (einnig með kynta hitaveitu), Vík í Mýrdal, Vopnafjörður, Þingeyri og Þórshöfn.

Lækkun húshitunarkostnaðar í viðmiðunareign á þessum svæðum getur verið um 130 þúsund krónur á ári miðað við 50% sparnað með „loft í vatn“ varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu (fjarvarmaveitu) eða hitaveitu geta ekki fengið þessa eingreiðslu. Þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum ef útreikningar sýna fram á að það sé hagstæðara fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði að vera áfram með niðurgreidda rafhitun heldur en hitaveitu. Hægt er að sækja um eingreiðslu vegna þess íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum sem er með beina rafhitun og á ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna.

Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Brautarholti á Skeiðum 75 þ.kr. og á Flúðum um 87 þ.kr. (mynd 4). Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður tæplega þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Grímsey um 343 þ.kr., þar sem er olíukynding. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á Grenivík 267 þ.kr. (hitaveita á vegum Norðurorku) og stöðum með beina rafhitun 265 þ.kr. Með varmadælu er áætlað að húshitunarkostnaður með beinni rafhitun geti verið um 133 þ.kr. Á Kópaskeri er einnig hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 252 þ.kr. Á Höfn í Hornafirði og í Nesjahverfi er nýleg hitaveita (RARIK) og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 248 þ.kr. Húshitunarkostnaður er 217-219 þ.kr. bæði á Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum, þar sem eru kyntar veitur, og á Hvolsvelli, Hellu, Borg í Grímsnesi, Blönduósi, Skagaströnd og í Búðardal, þar sem eru hitaveitur.




Mynd 4. Húshitun, lægsta mögulega verð.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun **lægsta mögulega verðs** fyrir húshitun frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. **Upphæðir eru á verðlagi ársins 2025.** Ýmsar aðrar ástæður en breytingar á gjaldskrá hitaveitna geta haft áhrif á þróun húshitunarkostnaðar, til dæmis niðurgreiðslur vegna rafhitunar, breytingar á virðisaukaskatti á húshitun eða samkeppni á raforkusölumarkaði. Til að mynda hækkaði virðisaukaskattur á húshitun úr 7% árið 2014 í 11% árið 2015 og árið 2016 breyttust svo niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar yfir í 100% niðurgreiðslur upp að 40.000 kWst á ári á hverja húseign, en áður hafði aðeins hluti dreifi- og flutningskostnaðar verið niðurgreiddur. Þá leiddi aukin samkeppni á raforkusölumarkaði frá árinu 2021 til lækkunar á lágsta mögulega verði fyrir beina rafhitun.


Á höfuðborgarsvæðinu er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði 148 þ.kr. (mynd 5). Öll þessi bæjarfélög eru með hitaveitu frá Veitum ohf. og fyrir þau gilda sömu verð. Í þessum byggðarlögum hefur húshitunarkostnaður verið nokkuð stöðugur undanfarinn áratug. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er verðið nokkuð lægra eða um 127 þ.kr. og hefur þróast með sama hætti og á öðrum stöðum þar sem Veitur ohf. eru með hitaveituna. Lægsti húshitunarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu er í Mosfellsbæ hjá Hitaveitu Mosfellsbæjar um 107 þ.kr. og á Seltjarnarnesi hjá Hitaveitu Seltjarnarness 113 þ.kr. Í Mosfellsbæ hefur húshitunarkostnaður lækkað um 7,8% síðan 2014 en á Seltjarnarnesi hefur hann hækkað um 49,0% frá 2014. Á Seltjarnarnesi var húshitunarkostnaður sá lægsti á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2023, en árið 2024 varð 23,7% hækkun fyrir viðmiðunareignina.

Á Suðurnesjum eru allir byggðakjarnar með hitaveitu frá HS Veitum og verð og verðbreytingar eru svipuð alls staðar. Þar hefur lægsti húshitunarkostnaður hækkað um u.þ.b. 6,4% frá 2014. Lægsta verðið er í Reykjanesbæ 121 þ.kr. en í Grindavík, Suðurnesjabæ og Vogum er lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar um 130 þ.kr. Hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Suðurnesjum er í Höfnum 140 þ.kr.

Á Vesturlandi eru hitaveitur í öllum byggðarlögum í greiningunni nema í byggðakjörnum Snæfellsbæjar og í Grundarfirði, þar sem er bein rafhitun. Í Ólafsvík, á Grundarfirði, Hellissandi og Rífi er lægsti húshitunarkostnaður 265 þ.kr., líkt og annars staðar á landinu þar sem kynda þarf með rafmagni. Verð fyrir beina rafhitun lækkaði um 23,2% árið 2021 en hækkaði aftur um 16,4% árið 2024 (mynd 6). Í Búðardal er hitaveita á vegum RARIK en húshitunarkostnaður er 217 þ.kr. Á Bifröst kostar húshitun viðmiðunareignar 211 þ.kr., á Akranesi 159 þ.kr. og í Melahverfi 149 þ.kr. Í Stykkishólmi er lægsta verð 147 þ.kr. og í Borgarnesi og á Hvanneyri er það 136 þ.kr. Þessir staðir eru allir með hitaveitu frá Veitum ohf. og hefur verðið hækkað um tæplega 4% frá 2014.



Mynd 5. Húshitun á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).




Mynd 6. Húshitun á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).


Á Vestfjörðum er hæsti húshitunarkostnaður 265 þ.kr. á stöðum þar sem er bein rafhitun, þ.e.a.s. á Hólmavík, Þingeyri, Tálknafirði, Bíldudal, Hnífsdal og Súðavík (mynd 7). Verð fyrir beina rafhitun lækkaði um 23,2% árið 2021 en hækkaði aftur um 16,4% árið 2024. Á Reykhólum er hitaveita en lægsta verð fyrir húshitun þar er 210 þ.kr. sem er 10,9% hærra en árið 2014. Árið 2023 varð breyting á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitu á Reykhólum og byrjað að rukka orkugjald (kr/kWst) í stað rúmmetragjalds (kr/m³). Á Ísafirði, Patreksfirði, Suðureyri, Flateyri og í Bolungarvík eru kyntar hitaveitur og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar um 206 þ.kr. Kostnaðurinn hefur lækkað um tæplega þriðjung undanfarinn áratug, sérstaklega milli árána 2023 og 2024 þegar varð fjórðungs lækkun með auknum niðurgreiðslum til kyntra hitaveitna. Ekki eru þó öll hús tengd fjarvarmaveitum á þessum stöðum og þar er þá sami húshitunarkostnaður og annars staðar þar sem hitað er með rafmagni. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Vestfjörðum er á Drangnesi, hjá Hitaveitu Drangness, 123 þ.kr. og hefur hann lækkað um 10,3% frá 2014.

Á Norðurlandi vestra eru allir byggðakjarnarnir í greiningunni með hitaveitu og húshitunarkostnaður er sambærilegur því sem var fyrir áratug síðan. Hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Norðurlandi vestra er hjá hitaveitum RARIK á Blönduósi og Skagaströnd 217 þ.kr. (mynd 7). Á Hvammstanga er Hitaveita Húnaþings vestra en þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 131 þ.kr. Lægsti húshitunarkostnaður á Norðurlandi vestra er hjá Skagafjarðarveitum, í Varmahlíð, á Hofsósi og Hólum um 115 þ.kr. og Sauðárkróki 118 þ.kr.

Hæsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Norðurlandi eystra er í Grímsey 343 þ.kr. þar sem er olíukynding (mynd 8). Árin 2022 og 2023 hækkaði verð á olíu til húshitunar mikið, en vegna niðurgreiðslna höfðu hækkarnir ekki áhrif á húshitunarkostnað í Grímsey. Árið 2024 varð nokkur verðlækkun á olíu til húshitunar en vegna þess að niðurgreiðslur hafa lækkað meira en olíuverðið hefur húshitunarkostnaður í Grímsey hækkað um 27% frá 2023. Á Þórshöfn, Raufarhöfn og Bakkafirði er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 265 þ.kr. Verð fyrir beina rafhitun lækkaði um 23,2% árið 2021 en hækkaði aftur um 16,4% árið 2024. Aðrir staðir á Norðurlandi eystra hafa hitaveitu og af þeim er húshitunarkostnaður hæstur á Grenivík hjá Norðurorku 267 þ.kr. og hefur hækkað um 18,0% frá 2014. Á Kópaskeri er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar frá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs 252 þ.kr. Á Siglufirði var lægsti húshitunarkostnaður nokkurn veginn sá sami í krónum talið 2015-2024 en er nú 162 þ.kr. Ef miðað er við verðlag 2025 hefur hann þó lækkað um 25,2% frá 2014. Á stöðum sem hafa hitaveitu frá Norðurorku hefur húshitunarkostnaður hækkað um u.þ.b. 22% frá 2022. Þetta eru Svalbarðseyri þar sem húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 176 þ.kr., Akureyri þar sem hann er 164 þ.kr., Hrísey með 158 þ.kr. og Ólafsfjörður og Hrafnagil þar sem húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 151 þ.kr. Dalvík, Árskógssandur og Hauganes hafa hitaveitu frá Hitaveitu Dalvíkur og húshitunarkostnaður þar er um 125 þ.kr. Á Dalvík er húshitunarkostnaður nokkurn veginn sá sami og árið 2014 en á Árskógssandi og Hauganesi hefur hann lækkað um 19,6%, því árið 2015 þegar gjaldskrá hitaveitunnar breyttist og kostnaður varð sá sami og á Dalvík. Í Reykjalíð hjá Hitaveitu Skútustaðarhrepps er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 124 þ.kr. og hefur hann lækkað um 11,8% frá 2014. Á Húsavík, hjá Orkuveitu Húsavíkur er húshitunarkostnaður 120 þ.kr. og hefur lækkað um 14,3% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Norðurlandi eystra er á á Laugum í Reykjadal 99 þ.kr. og er 2,6% hærri en árið 2014.




Mynd 7. Húshitun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).




Mynd 8. Húshitun á Norðurland eystra, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).

Á Austurlandi er rafhitun í byggðakjörnum Reyðarfirði, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði eystri. Þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 265 þ.kr., líkt og annars staðar á landinu þar sem er kynt með rafmagni (mynd 9). Verð fyrir beina rafhitun lækkaði um 23,2% árið 2021 en hækkaði aftur um 16,4% árið 2024. Á Seyðisfirði er kynt hitaveita og þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 219 þ.kr. Á Seyðisfirði var hæsti húshitunarkostnaður Austurlands árin 2021-2023 en árið 2024 lækkaði kostnaður um 22,6% vegna niðurgreiðslna til kyntra veitna og er nú lægri en á stöðum með beina rafhitun. Á Eskifirði er hitaveita frá Hitaveitu Fjarðabyggðar, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 177 þ.kr. og hefur lækkað um 13,6% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður á Austurlandi er hjá HEF veitum í Fellabæ 134 þ.kr. en þar næst á Egilsstöðum 140 þ.kr. Húshitunarkostnaður þar hefur hækkað um rúm 3% síðan 2014.

Á Suðurlandi er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur þar sem kynt er með rafmagni, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri, eða 265 þ.kr. (mynd 10). Þar lækkaði verð fyrir beina rafhitun viðmiðunareignar um 23,2% árið 2021 en hækkaði aftur um 16,4% árið 2024. Á Höfn og í Nesjahverfi í Hornafirði er húshitunarkostnaður 248 þ.kr. Þar kom hitaveita árið 2021 en áður var kynt hitaveita á Höfn en rafhitun í Nesjahverfi. Á Hvolsvelli og á Hellu er hitaveita frá Veitum ohf., húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 219 þ.kr. og hefur hækkað um 4,0% síðan 2014. Á Borg í Grímsnesi er Hitaveita Grímsness- og Grafningshrepps, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 218 þ.kr. og hefur hann hækkað um 11,3% frá 2014. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita (fjarvarmaveita) en þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 218 þ.kr. Í Vestmannaeyjum hækkaði húshitunarkostnaður mikið á árunum 2021-2023 en lækkaði aftur um 19,1% árið 2024 vegna niðurgreiðslna til kyntra veitna. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er hitaveita frá Selfossveitum sem kostar 172 þ.kr. fyrir viðmiðunareign og hefur hækkað um 27,1% síðan 2014. Svipuð hækkun hefur átt sér stað á húshitunarkostnaði á Selfossi, en þar er hann nokkuð lægri eða 157 þ.kr. Hveragerði og Þorlákshöfn eru á veitusvæði Veitna ohf. og þar hefur húshitunarkostnaður hækkað um 3,8% frá 2014. Kostnaður fyrir viðmiðunareign er 162 þ.kr. í Hveragerði en 129 þ.kr. í Þorlákshöfn. Í Reykholti í Biskupstungum, á Laugarvatni og í Laugarási kemur heitt vatn frá Bláskógaveitu, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 92 þ.kr. og hefur lækkað um 4,0% síðan 2014. Á Flúðum, hjá Hitaveitu Flúða, er húshitunarkostnaður 87 þ.kr. og hefur hækkað um 4,3% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Suðurlandi og á landinu öllu er í Brautarholti á Skeiðum hjá Hitaveitu Brautarholts. Þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 75 þ.kr. og hefur hann lækkað um 6,2% frá 2014. Gjaldskrá var óbreytt árin 2015-2020 en hækkaði árið 2021 og hefur svo haldist óbreytt og húshitunarkostnaður því aftur lækkað talsvert að raunvirði.



Mynd 9. Húshitun á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).



Mynd 10. Húshitun á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).


Heildarorkukostnaður

Heildarorkukostnaður, þ.e.a.s. raforku- og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar, er hæstur í Grímsey 529 þ.kr. þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð og húsin kynt með olíu (mynd 11). Þar fyrir utan er heildarkostnaður hæstur 438 þ.kr. á Bakkafirði og Borgarfirði eystri, en báðir staðir eru skilgreindir sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar af dreifiveitufyrirtækinu sem er RARIK. Þar næst kemur Nesjahverfi í Hornafirði með 420 þ.kr. sem einnig er staður sem skilgreinist sem dreifbýli hjá RARIK, en hefur hitaveitu. Í Súðavík er heildarorkukostnaður 419 þ.kr. en þorpið er skilgreint sem dreifbýli af dreifiveitufyrirtækinu sem er Orkubú Vestfjarða. Á Grenivík er heildarorkukostnaður 405 þ.kr. Í skilgreindu þéttbýli án hitaveitu, þar sem RARIK sér um flutning og dreifingu raforku, er heildarorkukostnaður 403 þ.kr. Það á við um Ólafsvík, Grundarfjörð, Hellissand, Rif, Neskaupstað, Reyðarfjörð, Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð, Djúpavog, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, Þórshöfn og Raufarhöfn. Í öðru skilgreindu þéttbýli án hitaveitu þar sem Orkubú Vestfjarða sér um flutning og dreifingu raforku, þ.e.a.s. á Hólmavík, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri og í Hnífsdal, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 395 þ.kr.

Á Borg í Grímsnesi, þar sem er hitaveita en byggðakjarninn skilgreindur sem dreifbýli, er heildarorkukostnaður 390 þ.kr. Á Kópaskeri er heildarkostnaður einnig 390 þ.kr., þar er hitaveita en staðurinn skilgreinist sem þéttbýli. Á Höfn í Hornafirði er sami húshitunarkostnaður og í Nesjahverfi en heildarorkukostnaður nokkuð lægri eða 385 þ.kr. Á Reykhólum er hitaveita og heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareign 365 þ.kr. Á Seyðisfirði (kynt hitaveita), er sami heildarorkukostnaður og á Hvolsvelli og Hellu (hitaveita), eða 357 þ.kr. Á Blönduósi, Skagaströnd og í Búðardal er heildarorkukostnaður 355 þ.kr. en á Bifröst er hann 349 þ.kr. Á Ísafirði, Patreksfirði, Suðureyri, Flateyri og í Bolungarvík er algengast að hús séu tengd kyntum hitaveitum og þar er heildarorkukostnaður 335 þ.kr. en í Vestmannaeyjum er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 333 þ.kr. og þar er einnig kynt hitaveita. Í Hrísey og á Suðureyri er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 331 þ.kr. en í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit 322 þ.kr. Á Eskifirði er heildarorkukostnaður 315 þ.kr. og á Svalbarðseyri 314 þ.kr.

Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar er á bilinu 280 þ.kr. og 300 þ.kr. á Siglufirði, í Hveragerði, á Árskógssandi, á Selfossi (RARIK), á Ólafsfirði, á Eyrarbakka, á Stokkseyri, á Hrafnagili, í Stykkishólmi og á Akureyri. Heildarorkukostnaður er á bilinu 260 þ.kr. og 279 þ.kr. á Hofsósi, á Egilsstöðum, á Drangnesi, á Akranesi, í Borgarnesi, á Hvanneyri, á Selfossi (HS Veitur), á Laugum í Reykjadal, í Fellabæ, á Hvammstanga, í Þorlákshöfn, í Hafnarfirði, í Garðabæ, í Reykjavík, í Kópavogi, í Reykholti í Biskupstungum, á Laugarvatni, á Dalvík, á Hauganesi og í Reykjahlíð. Á Húsavík er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 258 þ.kr., á Sauðarkróki 256 þ.kr., í Höfnum 255 þ.kr., í Varmahlíð 252 þ.kr., í Brautarholti á Skeiðum 247 þ.kr. og á Hólum í Hjaltadal 246 þ.kr. Heildarorkukostnaður er 244 þ.kr. í Grindavík, Sandgerði, Garði, Vogum og Grundarhverfi á Kjalarnesi. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar er 236 þ.kr. í Reykjanesbæ, 230 þ.kr. á Seltjarnarnesi og 229 þ.kr. í Laugarási.

Lægsti heildarorkukostnaður landsins er í Mosfellsbæ 224 þ.kr. en þar næst á Flúðum 225 þ.kr.




Mynd 11. Orkukostnaður alls, lægsta mögulega verð.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun **heildarorkukostnaðar** frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. **Upphæðir eru á verðlagi ársins 2025.**


Á höfuðborgarsvæðinu er heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareignina hæstur í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar 265 þ.kr. en næst hæstur í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar 263 þ.kr. (mynd 12). Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er heildarorkukostnaður 244 þ.kr. Næst lægsti heildarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu er á Seltjarnarnesi 230 þ.kr., en hann hefur hækkað nokkuð frá árinu 2014, eða um 18,7%. Lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á höfuðborgarsvæðinu, og landinu öllu, er í Mosfellsbæ 224 þ.kr. og hefur lækkað um 4,2% síðan 2014.

Á Suðurnesjum er orkukostnaður víðast svipaður og hækkun alls staðar sú sama frá 2014 eða um 5,2%. Í Reykjanesbæ er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar nú 236 þ.kr. en í Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum er hann 243-245 þ.kr. Í Höfnum er heildarorkukostnaður ívið hærri, eða 255 þ.kr.

Á Vesturlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur 403 þ.kr. á stöðum þar sem kynt er með rafmagni, þ.e.a.s. í Ólafsvík, í Grundarfirði, á Hellissandi og á Rífi. Á þessum stöðum lækkaði heildarorkukostnaður um 22,1% árin 2018-2022 en sú lækkun hefur nú nokkurn veginn gengið til baka eftir 17,2% hækkun árið 2025 (mynd 13). Næst hæsti heildarorkukostnaður á Vesturlandi er í Búðardal, þar sem hann er 355 þ.kr. og þar næst á Bifröst 349 þ.kr. Í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 322 þ.kr. Í Stykkishólmi er heildarorkukostnaður 285 þ.kr. og á Akranesi er hann 276 þ.kr. Lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á Vesturlandi er í Borgarnesi og á Hvanneyri 274 þ.kr.



Mynd 12. Orkukostnaður alls á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).




Mynd 13. Orkukostnaður alls á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).


Á Vestfjörðum er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur í Súðavík 419 þ.kr. (mynd 14). Súðavík er skilgreind sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar og því er heildarorkukostnaður þar hærrí en á öðrum stöðum á Vestfjörðum með beina rafhitun. Aðrir staðir með beina rafhitun eru Hólmavík, Þingeyri, Tálknafjörður, Bíldudalur og Hnífsdalur, þar er heildarorkukostnaður 395 þ.kr. Á þessum stöðum lækkaði heildarorkukostnaður um 13,1% árin 2020-2023 en sú lækkun hefur nú að mestu gengið til baka. Á Reykhólum er hitaveita en heildarorkukostnaður þar er 365 þ.kr. Í Bolungarvík, á Ísafirði, Suðureyri og Flateyri, þar sem eru kyntar hitaveitur, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 335 þ.kr. og hefur lækkað um u.þ.b. fimmtung síðastliðinn áratug. Þó eru ekki öll hús á þessum stöðum tengd fjarvarmaveitum og heildarorkukostnaður er þá nokkuð hærrí, eða sá sami og í öðru skilgreindu þéttbýli á Vestfjörðum þar sem er hitað með rafmagni. Lægsti heildarorkukostnaður á Vestfjörðum er á Drangnesi 277 þ.kr., því þrátt fyrir að þorpið sé skilgreint sem dreifbýli hvað varðar raforkudreifingu er verð fyrir hitaveituna lágt.

Á Norðurlandi vestra er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur á Blönduósi og Skagaströnd 355 þ.kr. Á Hofsósi er heildarorkukostnaður 279 þ.kr., en þó húshitunarkostnaður þar sé með lægra móti, líkt og í Varmahlíð og á Hólum, er þorpið skilgreint sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar. Varmahlíð og Hólar eru hins vegar skilgreind sem þéttbýli og þar er lægsti heildarorkukostnaður á Norðurlandi vestra, eða 252 þ.kr. Á Hvammstanga er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 268 þ.kr. og á Sauðárkróki 256 þ.kr.

Á Norðurlandi eystra er heildarorkukostnaður hæstur 529 þ.kr. í Grímsey þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð og hús kynt með olíu (mynd 15). Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar í Grímsey hækkaði um 18,9% árið 2025. Á Bakkafirði er heildarorkukostnaður 438 þ.kr. Heildakostnaðurinn á Bakkafirði lækkaði um 23,9% árin 2018-2022 en sú lækkun hefur nú að mestu gengið til baka eftir 18,6% hækkun árið 2025. Heildarorkukostnaður á Grenivík er 405 þ.kr. og á Kópaskeri 390 þ.kr. Á Þórshöfn og Raufarhöfn er heildarorkukostnaður 403 þ.kr. Þar lækkaði heildarorkukostnaður viðmiðunareignar um 22,1% árin 2018-2022 en sú lækkun er nokkurn veginn gengin til baka eftir 17,2% hækkun árið 2025. Í Hrísey er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 331 þ.kr. og á Svalbarðseyri 314 þ.kr. Á Siglufirði er heildarkostnaður 300 þ.kr. og hefur lækkað um 11,8% frá 2014. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar er 298 þ.kr. á Árskógssandi, 289 þ.kr. á Hrafnagili og Ólafsfirði, 281 þ.kr. á Akureyri. Heildarorkukostnaður er 272 þ.kr. á Laugum í Reykjadal en 263 þ.kr. á Dalvík og Hauganesi. Í Reykjahlíð við Mývatn er heildarorkukostnaður 262 þ.kr. en lægsti heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareign á Norðurlandi eystra er á Húsavík 258 þ.kr.




Mynd 14. Orkukostnaður alls á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).




Mynd 15. Orkukostnaður alls á Norðurlandi eystra, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).

Á Austurlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar nú hæstur 438 þ.kr. á Borgarfirði eystri sem er skilgreindur sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar (mynd 16). Þar lækkaði heildarorkukostnaður um 23,9% árin 2018-2022 en sú lækkun hefur nú að mestu gengið til baka eftir 18,6% hækkun árið 2025. Í þéttbýli þar sem er bein rafhitun, á Neskaupstað, Vopnafirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 403 þ.kr. Eins og í öðru þéttbýli á dreifiveitusvæði RARIK lækkaði heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á þessum stöðum um 22,1% árin 2018-2022 en sú lækkun er nokkurn veginn gengin til baka eftir 17,2% hækkun árið 2025. Á Seyðisfirði, þar sem er kynt hitaveita er heildarorkukostnaður 357 þ.kr. og hefur lækkað um 17,5% frá 2014. Á Eskifirði er heildarkostnaðurinn 315 þ.kr. en lægsti heildarorkukostnaður á Austurlandi er í Fellabæ 272 þ.kr. og á Egilsstöðum 272 þ.kr. Á báðum stöðum hefur heildarkostnaður hækkað um 7,3% frá 2014.

Á Suðurlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur 420 þ.kr. í Nesjahverfi í Hornafirði (mynd 17). Þar lækkaði heildarorkukostnaður um 15,7% árin 2018-2022 en hefur aftur hækkað nokkuð frá 2022. Í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri er heildarorkukostnaður 403 þ.kr., líkt og í öðru þéttbýli án hitaveitu þar sem RARIK sér um flutning og dreifingu á raforku. Á þessum stöðum lækkaði heildarorkukostnaður viðmiðunareignar um 22,1% árin 2018-2022 en sú lækkun er nokkurn veginn gengin til baka eftir 17,2% hækkun árið 2025. Á Höfn er heildarorkukostnaður 385 þ.kr. og hefur lækkað um 10,8% frá 2014. Í Hornafirði er nýleg hitaveita, en áður var rafhitun í Nesjahverfi og kynt hitaveita á Höfn. Munurinn á heildarorkukostnaði á þessum stöðum nú stafar af því að Nesjahverfi er skilgreint sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar en Höfn sem þéttbýli. Á Borg í Grímsnesi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 390 þ.kr. og á Hvolsvelli og Hellu er hann 357 þ.kr. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita en þar er heildarkostnaður 333 þ.kr. Í Vestmannaeyjum lækkaði heildarorkukostnaður um 14,0% árið 2024 vegna niðurgreiðsla til kyntra veitna, en hækkaði aftur nokkuð árið 2025. Í Hveragerði er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 299 þ.kr. og í þeim hluta Selfoss þar sem RARIK er með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu raforku er hann 295 þ.kr. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er heildarorkukostnaður 287 þ.kr. og á dreifiveitusvæði HS Veitna á Selfossi er kostnaðurinn 272 þ.kr. Í Þorlákshöfn er heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareign 267 þ.kr. og hefur hækkað um 7,7% frá 2014 en í Brautarholti á Skeiðum er heildarorkukostnaður 247 þ.kr. Á Laugarvatni og í Reykholti í Biskupstungum er heildarorkukostnaður 264 þ.kr. Þar er sami húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign og í Laugarási sem einnig fær heitt vatn frá Bláskógarveitu en heildarorkukostnaður í Laugarási er hins vegar talsvert lægri en í hinum byggðakjörnunum í Bláskógabyggð eða 229 þ.kr. Það er vegna þess að Reykholt og Laugarvatn eru skilgreind sem dreifbýli hvað varðar raforkudreifingu en Laugarás sem þéttbýli. Lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á Suðurlandi er á Flúðum 225 þ.kr.



Mynd 16. Orkukostnaður alls á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).



Mynd 17. Orkukostnaður alls á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2025 (verðlag ársins 2025).